

Við setningu Listahátíðar í dag verður opnuð sýning á konumyndum eftir Erró í ófullgerðu sýningarrými fyri miðstöðvar Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Um þessar mundir er að koma út í París fjórða bókin í hennar listahátíð 1984 til 1998, og hefur Listasafn Reykjavíkur látið prenta nokkur hundruð eintök með formála á íslensku. Þar ræddi við listamanninn Erró og sýningarstjóran Gunnar Kvaran, forstöðumann listasafnsins í Björgvin í Noregi.

KONUR Í LIST ER



FACESCAPE, úr myndaseríunni Lis...

BANDARÍSKI listfræðingurinn Arthur Danto hefur skilgreint málverk Errós sem barokk-popp. Nafngiftin er ekki úr lausu lofti gripin þar sem myndmál Errós hefur orðið sífellt flóknara og skreytikennara með árunum. Fleiri og smærri myndbrot sitja föst í netavirki sem ólgar og sveiflast um myndflötin. Stundum hverfa afmarkaðir rammar netsins og ofurhetjur teiknimyndasagnanna í bland við þekktar ímyndir úr listasögunni eða úr dagblaðinu í gær, virðast þess viðbúnað að stökkva út úr myndfletinum. En við vitum að það eiga þessar persónur aldrei eftir að gera því þær tilheyra öðrum heimi en okkar. Slíkur er sýndarveruleiki málverka Errós.

Verkin eiga fleira en flókna samsetningu myndflatarinnar sameiginlegt með málverkum gömlu barokkmeistaranna því eins og Gunnar

Kvaran bendir á þá er meiri fjarlægð á höfundinum í verkum Errós en almennt gerist um list 20. aldarinnar. Konurnar á sýningu Errós í Hafnarhúsinu eru alls ekki konur Errós, aðeins þær aðstæður sem hann hefur búið þessu safni persóna annarra höfunda. Í því flóði ímynda sem slást um athygli okkar daglega er þetta ef til vill merki um að höfundareinkennið sé smám saman að hörfa og áherslur í listsköpun að hverfa aftur til fyrri alda þegar listamaðurinn réð yfir verkstæði handverksmanna og lærlinga.

Frá því að Erró færði Listasafni Reykjavíkur stórt safn verka sinna fyrir 9 árum hefur hann stöðugt verið að bæta við gjöf sína svo safnið telur nú um 3.000 verk; olíumálverk, vatnslita- og þekjulitamyndir, grafíkverk, teikningar og klippimyndir auk fleira persónulegs efnis á borð við skissur og dagbækur. Í tilefni þess að vinna við nýtt safnarými í Hafnarhúsinu hefur hafist, þar sem safninu gefst í fyrsta sinn kostur á að

sýna reglulega verk úr Errósafni, var listamanninum boðið að setja upp sýningu á Listahátíð í hluta tilvonandi safns.

Undanfarin 10 ár hefur stór sýning á pólitískum verkum Errós ferðast um Evrópu vítt og breitt. Upphaflega stóð til að sú sýning kæmi hingað til lands á Listahátíð en þegar ljóst varð að svo yrði ekki þar sem sýningin verður sett upp í Suður-Frakklandi í sumar voru góð ráð dýr. Eða hvað? „Erró, þú sýnir konur,“ segir Erró að Gunnar hafi þá stungið upp á. „Og ég fór af stað og fann nóg af málverkum.“ Hvern skyldi undra annan en listamanninn? Konur hafa, jú, verið talsvert áberandi í list Errós allt frá upphafi og einna mest á síðustu árum.

Frá mykt til hörku

Gunnar bendir á athyglisverða breytingu sem orðið hefur á kvenímyndinni í meðförum Errós. „Í eldri verkunum eru þær fremur settar fram

sem tákn um mykt og sakleysi til mótvægis við þær harðneskju og grimmd. Svo gerist það fyrir um þrjú árum að ofurkonurnar fara að koma fram. Konur sem eru frjálssar og bjartsýnar, - þær færar um flest.“ Og þær „eru“ ekki bara í myndflötunum heldur þjóna þær ákveðnum tilgangi í frásögn málverksins, þeim aðstæðum sem listamaðurinn hefur búið þeim með því að stilla samhengi, an ólíku rými, ólíkum tíma og ólíkum forsendum í einum og sama myndfletinum. „Það er líka athyglisvert að konur í verkum Errós eru alltaf um mjög óraunverulegar,“ segir Gunnar. „Þar af leiðandi er Erró aldrei að lítillækka konur. Þessar myndir eru fremur táknrænar en raunverulegar og þannig ná t.d. erótískar, og stundum mjög jafnvel klámfengnar, konumyndir Errós aldrei að ganga fram af okkur. Til þess er fjarlægðin milli við veruleikann einfaldlega of mikil.“

Síðasta myndasaría Errós nefnist Femme fatale og þar eru ofurkonum teiknimyndasag-